

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

15. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga föstudaginn 11. júlí árið 2008. Fundurinn var haldinn í stjórnarsýsluhúsi Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík og hófst hann kl. 15⁰⁰.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Helgi Hallsson, Kolbeinn Kjartansson, Kristján Snæbjörnsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. 200806083 – Erindi frá Sigurði Pálssyni, Lækjavöllum

Óskað er eftir leyfi til að klæða íbúðarhúsið að Lækjarvöllum með búrústálklæðningu og einangra með 50 mm steinull

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Erindi frá Jóhannesi Jóhannessyni

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir 14,5 m² bjálkahús á steiptum húsgrunni Sólbakka í Flatey. Teikning er árituð af Per Langesøe Christensen arkitekt. Fyrir liggur þinglýstur lóðarsamningur.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Erindi frá Jóni Sigurjónssyni og Ingunni Áskelsdóttur

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir 22,0 m² bjálkahús með svefnlofti á landi þeirra sunnan Seláss í Reykjadal. Teikningar eru unnar af Svanlaugi Sveinssyni. Fyrir liggur samþykki eigenda á Laugabóli og Selási.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi skil á gögnum.

4. Erindi frá Eini Viðari Björnssyni og Guðfinnu Sverrisdóttur

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir 60 m² frístundahús á loð þeirra að Einarstöðum. Fyrir liggur skrifleg yfirlýsing nágretta að Einarstöðum um að þau geri ekki athugasemd við byggingu hússins. Húsið kemur til með að standa á grunni eldra frístundahúss sem þegar hefur verið fjarlægt.

Byggingarnefnd samþykkir erindið að því tilskyldu að fullnægjandi gögnum verði skilað til byggingarfulltrúa.

5. Erindi frá Degi Tryggvasyni og Guðrúnu Friðriksdóttur

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir 25 m² “skógarkofa” í landi Breiðaness í Reykjadal. Teikningar eru unnar af Finni Dagssyni byggingarfræðingi. Fyrir liggur samþykki Norðurlndsskóga.

Byggingarnefnd samþykkir erindið að því tilskyldu að fullnægjandi gögnum verði skilað til byggingarfulltrúa.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

6. Erindi frá Norðurljónum í Reykjadal

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir einn 40 feta gám og annan 20 feta gám. Meðfylgjandi er rissmynd af afstöðu þeirra til verkstæðishúss. Kristján vék af fundi við afgreiðslu þessa erindis.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkt verði stöðuleyfi til tveggja ára fyrir gámana.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16⁰⁰.

Kristján Snæbjörnsson
Eiður Árnason
Kolbeinn Kjartansson
Helgi Hallsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi